

Mál nr. 49/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 19. janúar 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. febrúar 2015 ásamt tjónstilkynningu, umsögn X og tölvupósti V til M dags. 27. janúar 2015.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi ekið bifreið sinni ofan í holu á Mýrargötu í Reykjavík þann 19. janúar 2015 kl. 21.50. M kveðst ekki hafa séð holuna vegna myrkurs og það hafi ekki verið merkingar á götunni til að vara við holunni sem hafi verið það djúp að tjón hafi orðið á bifreið hennar við að aka ofan í holuna.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið hennar þar sem ekki hafi verið varað við umræddri holu. M vísar til þess að hola hafi myndast á sama stað mánuði áður og sú viðgerð sem hafi átt sér stað þá hafi greinilega ekki verið nægilega góð þar sem holan hafi myndast á sama stað aftur. M vísar til þess að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita af því að augljós hætta væri á holumyndum á umræddum stað þar sem holan hafði myndast stuttu áður og full ástæða hafi verið til þess að fylgjast sérstaklega með.

V bendir á að skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 beri veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar ábyrgð á því tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Í umræddri grein felist því ekki svokölluð hlutlæg ábyrgð veghaldara á tjónum sem verð á vegum hans. V telur ósannað að viðgerð á holu á sama stað mánuði áður hafi verið ófullnægjandi eða að tjón M megi rekja til gáleysis starfsmanna X við eftirlit á umræddum stað. Strax hafi verið brugðist við tilkynningu um umrædda holu þegar hún kom til X.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Mýrargötu. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar veghaldarans X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að ekki hafði verið tilkynnt um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggur heldur fyrir að viðgerð á sama stað mánuði áður hafi verið ófullnægjandi m.v. aðstæður. Ekki liggja heldur fyrir gögn sem sýna að starfsmenn X hafi vanrækt eðlilega eftirlitsskyldu sína með umræddum vegi þannig að sýnt sé gáleysi þeirra við störf sín. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 vegna tjóns á bifreið M og á hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.